

FRUM1TR05

Búið til: Tue, 09 Jun 2015 11:40:24 GMT

Titill

Tröllaskagi, frumkvöðlafræði

Skammstöfun

FRUM1TR05

Útgáfunúmer

7

Námsgrein

frumkvöðlafræði

Viðfangsefni

Tröllaskagi

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

1

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Markmið áfangans er að örva sköpunarkraft og auka djörfung nemenda og dug til að kasta sér út í ný verkefni þar sem útkoma er ekki fyrirfram gefin. Kostur er að verkefnin séu fjölbreytt og nemendur velji eitthvað sem þeir hafa áhuga á og gætu hugsað sér að vinna við eða að minnsta kosti nýta sér. Nemendur kynna sér viðfangsefni í heimabyggð. Hvað er til staðar? Hverju mætti bæta við? Viðfangsefni geta verið á sviði menningar og lista, tengst náttúru eða nýtingu náttúrulegra auðlinda, atvinnustafsemi, íþróttum eða annarri hreyfingu - en í raun takmarkast viðfangsefnin aðeins af hugmyndaflugi nemenda. Fyrri hluti áfangans felst í kynningu á grunnatriðum sem hafa verður í huga við skipulagningu verkefna, svo sem verkáætlun, kostnaðaráætlun, skilgreiningu markhóps og markaðssetningu. Nemendur velja sér lokaverkefni í samráði við kennara. Verkefnin eru samvinnuverkefni.

Forkröfur

Engar

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- hugarflæði við hugmyndavinnu
- helstu þáttum afþreyingar í nærsamfélagi
- mikilvægi góðra skilgreininga á hugmynd og verkefni
- mikilvægi áæltunar varðandi markhóp, verkþætti og kostnað
- gildi þess að hugsa í lausnum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- virkja hugmyndaflugið
- meta hvaða upplýsinga og gagna er þörf við sköpun nýs verkefnis
- starfa í hóp þar sem virðing og jákvæð samskipti einkenna ákvarðanatöku
- deila réttlátlega ábyrgð á einstökum verkþáttum
- kynna eigin hugmyndir og verkefni

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hugsa lausnamiðað ...sem er metið með... umræðum
- gera verkáætlun sem hentar því verkefni sem hugmynd er að ...sem er metið með... skriflegum og munnlegum verkefnum
- skipuleggja starf í hópi þannig að kraftar hvers og eins nýtist og allir séu sáttir við sinn hlut ...sem er metið með... jafningjamati
- ráðast í verkefni þar sem árangur er óviss ...sem er metið með... skriflegum verkefnum
- kynna eigin vinnu þannig að höfði til markhóps ...sem er metið með... kynningu á sýningu í annarlok

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**